



HAFNARFJÖRÐUR

Alþingi 5.2.2016

Málsnr.: 1512134

Málalykill: 0.34.8

Alþingi
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hafnarfirði, 2. febrúar 2016
1512314 KS

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um almennar íbúðir (heildarlög), 435.mál

Hafnarfjarðarkaupstaður tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 18. janúar sl. um frumvarp til laga um almennar íbúðir (435. mál).

Til viðbótar því sem fram kemur í framangreindri umsögn vill Hafnarfjarðarkaupstaður benda á að tryggja þarf að sveitarfélagi sé heimilt að bjóða út lóðir og velja það almenna íbúðafélag með þeim hætti að sá aðili fái stofnframlag sem skuldbindur sig til að bjóða lægstu leigu. Því er gerð tillaga um að eftirfarandi setning bætist við 5. mgr. 16. gr.:

Einnig er sveitarfélagi heimilt að velja það almenna íbúðafélag sem fær stofnframlag sem skuldbindur sig til að bjóða lægsta verð fyrir leiguhúsnaði. Heimilt er að skilyrða stofnframlag vegna þessa.

Hafnarfjarðarkaupstaður tekur undir eindregið umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi 17. gr. að endurgreiðsla stofnframlaga verð tryggð með lögveði í hlutaðeigandi íbúð. Verði ekki fallist á tillögu Sambandsins telur Hafnarfjarðarkaupstaður að nauðsynlegt sé að kveða á um að stofnframlög ríkis og sveitarfélaga séu samhliða í veðröð á hlutaðeigandi íbúð. Því er gerð tillaga til vara um að bætt verði við 5. mgr. 17. gr. eftirfarandi setning:

Stofnframlög ríkis og sveitarfélaga eru samhliða í veðröð á hlutaðeigandi íbúð.

Virðingarfyllt,


Haraldur L. Haraldsson
bæjarstjóri